

Fulltrúaráðsfundur 9. september kl.19:30 á skrifstofu HRFÍ.
Fundarboð var sent með tölvupósti þann 28. ágúst og ítrekað 4. september.

Mættir eru fimm fulltrúar frá stjórn HRFÍ og 27 fulltrúar frá eftirfarandi deildum: Schnauzerdeild, Írsk setterdeild, Retrieverdeild, fuglahundadeild, Cavalierdeild, Íþróttadeild, Shih tzu deild, Ensk cocker deild, Mjóhundadeild, Vorstehdeild, DIF, grefil-og sporhundadeild, tibetspanieldeild, Am.cockerdeild, Schäferdeild, fjár og hjarðhundadeild, Yorkshire terrierdeild og Ungmennadeild

Herdís bauð fundarmenn velkomna og gerði grein fyrir dagskrá fundarins. En á dagskrá var hálfársuppgjör félagsins og samráð um mögulegar breytingar á gjaldskrá félagsins. Fríður Esther framkvæmdastjóri fór yfir hálfársuppgjör félagsins og uppgjör á einstökum viðburðum hjá félaginu. Í framhaldinu gerði hún svo grein fyrir tillögum að 6% gjaldskrárhækkun á sýningagjöldum. Nokkrar umræður urðu en almennt sýndu fundarmenn skilning á þörf á hækkun sýningagjalda sem talin var hófleg. Eins urðu umræður með hvaða hætti snúa mætti tapi á einstökum viðburðum við. Hugmynd kom m.a. fram um að fella niður afslátt af margra daga veiðiprófum sem og þörf á að mögulega hækka gjald vinnu- og veiðiprófa.

Þá kallaði Herdís Hallmarsdóttir formaður eftir hugmyndum frá deildum um hvernig félagið getur betur stutt við bakið á ræktendum og gert félagið betra. Fjöl margar hugmyndir komu fram og hér verða nefndar nokkrar þeirra en á fundinum voru nefndir kostir og gallar við einstaka hugmyndir.

- Ræktendur geti boðið hvolpakaupendum uppá 1-2 sýningar án þess að greiða þurfi árgjald.
- Afsláttur af árgjaldi fyrir nýtt fólk
- Árgjald fylgi nýskráningum hvolpa
- Ekki sé gerð krafa um árgjald fyrir hvolpasýningar
- Allir nýjir hvolpakaupendur fái valgreiðslu árgjaldarkröfu í banka þegar got er skráð
- Hundadagar, nýliðadagar
- Vantar gulrótina, hvað gerir HRFÍ fyrir mig?
- Tegundakynningar á vef HRFÍ mættu vera betri
- Ræktendur geti greitt árgjald fyrir hvolpakaupendur sína og látið fylgja öllum seldum hvolpum og fái það þá á góðum afslætti frá félaginu.

Stjórn þakkaði framkomnar ábendingar og upplýsti um opinn fund til að ræða Kínamál og stöðu FCI sem haldinn var í beinu framhaldi.

Fundi var slitið kl.21.00